

Ed.

1023. Frumvarp til laga

[213. mál]

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. mars.)

Samhljóða þskj. 667 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, tveimur fulltrúum tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin kys sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr. hljóðar svo:

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

- a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.

b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.

c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, veitt sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára en þó aldrei skemur en til eins árs í senn.

Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Peir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanfögnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

Samgönguráðherra getur sagt upp sérleyfi innan fimm ára tímabilsins ef fyrirhugaðar eru verulegar skipulagsbreytingar innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal þó ekki vera skemmri en tvö ár.

8. gr. hljóðar svo:

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutadeigandi bærarstjórnar.

Nú ákveður bærarstjórn að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins sem áður hefur verið veitt sérleyfi til og er þá skylt að veita bærarstjórn einkaleyfi til þess þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bærarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda einkaleyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númerin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.